

Nd.

162. Frumvarp til laga

[86. mál]

um breytingu á lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyris- mála, fjárfestingarmála o. fl.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum neytenda annars vegar og samtökum kaupmanna, kaupfélaga og iðnrekenda hins vegar, skal fara með verðlagsáskvarðanir samkvæmt lögum nr. 35 27. maí 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Verzlunarráð Íslands, Samband íslenskra samvinnufélaga og Félag íslenskra iðnrekenda tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina. Þegar um verðlagningu á rekstrarvörum og þjónustu vegna útgerðarinnar er að ræða, skal fulltrúi frá Landsambandi íslenskra útvegsmanna taka sæti í nefndinni í stað fulltrúa Stéttarsambands bænda.

Náist ekki samkomulag með öllum nefndarmönnum um verðlagningu, skal vísa ágreiningi til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúa neytenda í sex manna nefndinni og einum tilnefndum af fulltrúum kaupmanna, kaupfélaga og iðnrekenda. Hæstiréttur tilnefnir oddamann. Yfirnefndin fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.

Verðlagsstjóri skal annast birtingu verðlagsáskvarðana og aðra afgreiðslu verðlagsmála.

Ákvæði greinar þessarar ná ekki til verðlagningar landbúnaðarafurða, sbr. lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi öll lagaákvæði, er kunna að skerða vald nefnda þeirra, er um ræðir í 1. gr., til þess að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu.

Greinargerð.

Bezta tryggingin fyrir heilbrigðri og hagkvæmri verzlun er frjáls samkeppni kaupfélaga og kaupmanna, háð á jafnréttisgrundvelli. Slík samkeppni getur hins vegar ekki notið sín til fulls, meðan skortur er á erlendum gjaldeyri eða hömlur á útlánum peningastofnana. Undir slíkum kringumstæðum getur verið nauðsynlegt að grípa til verðlagseftirlits og hámarksákvæða um verð eða álagningu.

Eigi slíkt verðlagseftirlit að vera heilbriggt og réttlátt, má það ekki vera í höndum duttlungafullra og breytilegra stjórnarvalda, heldur þarf að skapa því fast form, þar sem réttmætt tillit er tekið til hags allra aðila og ekki hallað á einn fremur en annan. Vænlegasta leiðin til að ná því marki er, að fulltrúar viðkomandi stétta reyni að ná samkomulagi um ágreiningsatriðin, en ella skeri hlutlaus aðili úr. Slíkt fyrirkomulag hefur ríkt um nokkurt skeið við ákvörðun verðs á landbúnaðarvörum og hefur gefizt vel.

Tilgangur þessa frumvarps er að reyna að færa opinberar verðlagsáskvarðanir yfirleitt yfir á slíkan grundvöll og stuðla með því að stéttafriði og réttlátri meðferð umræddra mála.